

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 8. janúar, var haldinn 130. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.10. Viðstaddir voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Hulda Gísladóttir, Börkur Gunnarsson og Margrét Marteinsdóttir. Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði ritaði fundargerðina. Gestir fundarins voru: Jónas Kristinsson framkvæmdastjóri KR og Gylfi Dalmann formaður KR.

### Petta gerðist:

1. Fulltrúar KR segja frá starfsemi sinni: Þeir töluðu um þá aðstöðu sem þeir hafa nú í dag. Brýnasta þörfin að þeirra mati er félagasaðstaða og knattspyrnuhús. Þá vantar betri aðstöðu á veturna til að geta sinnt því mikla starfi sem þeir bjóða uppá nú í dag, en KR er fjölgreinafélag með 12 deildir á sínum vegum.

- Kl. 12.30 Börkur Gunnarsson yfirgefur fund.  
Hverfisráðið bókaði eftirfarandi:

Hverfisráð Vesturbæjar þakkar Jónasi Kristinssyni framkvæmdastjóra og Gylfa Dalmann Aðalsteinssyni stjórnarformanni fyrir komuna á fund ráðsins. Hverfisráðið styður viðleitni KR til uppbyggingar í Vesturbænum og leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu fjölgreina félags í hverfinu. Hverfisráð hvetur KR til að leita samstarfs við nágrannafélög um nýtingu aðstöðu eftir föngum.

2. Tillaga fulltrúa D lista frá fyrri fundi vegna Keilugranda 1: Málinu frestað vegna fjarveru fulltrúa D lista.
3. Tillaga frá Prýðisfélaginu Skildi um Hringtorg við Suðurgötu og Þorragötu.

Hverfisráð bókaði eftirfarandi:

Hverfisráð Vesturbæjar telur að fara eigi að öllu með gát þegar kemur að því að breyta íþróttasvæðum eins og æfingavöllum KR við Starhaga í akbrautir. Þar sem akbraut er þó sýnd á þessum stað í aðalskipulagi Reykjavíkur telur hverfisráðið rétt að leita álits embættismanna á umhverfis- og skipulagssviði á nauðsyn slíkrar framkvæmdar við núverandi aðstæður og hvort nokkuð liggi fyrir í framkvæmdaáætlunum hvað þetta varðar.

4. Uppröðun hverfisráðs á framkvæmdum til kosningar í Betri hverfi: Farið var yfir þær tillögur sem geta farið í kosningu. Fundargestir ætluðu að skoða þetta nánar áður en þær yrðu sendar til verkefnisstjóra Betra hverfis.
5. Tillaga að dagskrá opins fundar: Formaður kynnti tillögu sína að fundarformi og frummælendum. Fundurinn verður haldinn 29. Janúar n.k. í safnaðarheimili Neskirkju milli kl. 20 og 22. Fyrri hluta fundarins koma frummælendur að ræða þróun hverfisins og félagsauðs þess. Í seinni hluta fundarins gefst almenningi tækifæri til samtals sín á milli og til að koma skoðunum sínum á ákveðnum efnisflokkum í orð. Rætt um að fá faglega aðstoð með þann þátt fundarins. Formaður gengur frá endanlegu skipulagi fundarins.

### Fundi slitið kl. 13.45

Sverrir Bollason

Teitur Atlason  
Margrét Marteinsdóttir

Hulda Gísladóttir